

# FRÉTTABRÉF BHS

Útg.: Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

- Höfðabraut 6, 530 Hvammstangi

- Húnaþraut 13, 540 Blönduós

9. árg. 7. tbl. 2010

s. 451-2601

s. 451-2602

Heimasíða: [www.rhs.is](http://www.rhs.is)

Ábm. Gunnar Ríkharðss.

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

netf.: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is)

Nóvember 2010

## EFNI BRÉFSINS

### Kúabændafundur

\*\*\*

### Bændafundur

### haustið 2010

\*\*\*

### Kynningarfundir fyrir sæðingastöðva- hrútana

\*\*\*

### Aðrir fundir o.fl

\*\*\*

### Formannafundur BHS

\*\*\*

### Skipulag sauðfjársæðinga

\*\*\*

### Sæðinganámskeið

\*\*\*

### Skráning á lambadómum

\*\*\*

### Námskeið í [www.jorð.is](http://www.jorð.is)

\*\*\*

### Próunarsjóður BHS styrkir til náms

\*\*\*

### Hrossaskráningar sláturföld

\*\*\*

### Forðagæsluskýrslur

\*\*\*

### Gæðastýring umsóknir

## Kúabændafundur

Kúabændafundur verða haldnir **þriðjudaginn 16. nóvember** næstkomandi.

Sjálfstæðissalnum á Blönduósi kl 13:00

Ásbyrgi á Laugarbakka kl 20:30

Magnús B. Jónsson mætir á fundina og fer yfir nautin á sæðingastöðinni ásamt fleiru.

## Bændafundur haustið 2010

Almennir bændafundur verða haldnir um land allt dagana 22.-30. nóvember. Fundarefni er samkvæmt venju umræður um helstu hagsmunamál bænda og starfsumhverfi búrekstrarins. Í nýjum búnaðarlagasamningi eru talsverðar breytingar sem snerta bændur og nauðsynlegt er að fara yfir að mati forsvarsmanna BÍ. Auk þess eru á bændafundurm gagnlegar umræður, innlegg bændanna sjálfra og viðhorf til starfa BÍ og þeirra málefna sem efst eru á baugi hverju sinni. Nú er ekki hvað síst nauðsynlegt að bændur sýni kraft sinn, því þannig standa þeir sameinaðir gagnvart erfiðum verkefnum.

**Mið 24. nóvember í Sjálfstæðissalnum kl. 14:00**

**Mið 24. nóvember í Sævangi kl. 20:30**

## Kynningarfundir fyrir sæðingastöðvarhrútana

Haldnir verða kynningarfundir á hrútum sæðingastöðvanna með Jóni Viðari á eftirtöldum stöðum:

**Fös. 26. nóv. Sjálfstæðissalnum kl. 13:30**

**Fös. 26. nóv. Staðarflöt kl. 20:30**

Hrútaskráin verður væntanlega komin þá og verður dreift á fundunum. Allir áhugasamir sauðfjarræktendur hvattir til að mæta!!!

sem vilja fá aðstoð við það geta haft samband við Önnu Möggu hjá BHS.

## Aðrir fundir og fleira á næstu dögum

**Ferðaþjónusta Bænda**, fim. 11. nóv kl 18:30 – Potturinn og Pannan Blönduósi

Aðalfundur **Félags hrossabænda** í Reykjavík föstudag 19. nóv

Ráðstefnan „**Hrossarækt 2010**“ á Hótel Sögu laugardag 20. nóv

**Búgreinahátíð** Austur-Húnvetninga í félagsheimili á Blönduósi lau. 27. nóv

---

## Formannafundur BHS 2010

Árlegur fundur formanna allra aðildarfélaganna BHS verður að þessu sinni haldinn í Hamarsbúð á Vatnsnesi fimmtudaginn 18. nóv. Ef einhverjir formenn hafa ekki fengið sent fundarboð vinsamlega hafið samband við Gunnar. GR

---

## Skipulag sauðfjársæðinga

Í ár verður tekið sæði frá Sæðingastöð Vesturlands sem fyrr. Einnig verður í boði sæði af Suðurlandi dagana 2., 3. og 6. desember. Athugið að 3. des verður ekki sótt sæði af Vesturlandi en 2. og 6. verður hægt að panta af báðum stöðvum. Verð á sæðisskammti í ár er 535 kr. + vsk.

Vegna hliðrunar á vikudögum verður fyrsta vikan aðeins frábrugðin því skipulagi sem verið hefur en þá verður sætt mið. 1. des, fim. 2. des og fös. 3. des. Síðan verður sætt mán-mið. 2 vikur í röð og að lokum mánudag og þriðjudag í vikunni fyrir jól. Hægt verður hægt að nálgast sæðið í Staðarskála, við Hvammstangaafleggjara og á Blönduósi eins og verið hefur. Þar að auki eru frjálssir dagar á Vesturlandsstöðinni 3., 4. og 19. des en þá geta menn pantað sæði ef þeir hafa sjálfir far fyrir það, því það verður ekki keyrt út frá stöðinni á sama hátt og hina dagana.

Sæðingadagar	1.des	2.des*	3.des**	6.des*	7.des	8.des	13.des	14.des	15.des	20.des	21. des
svampar settir í	15.nóv	16.nóv	17.nóv	20.nóv	21.nóv	22.nóv	27.nóv	28.nóv	29.nóv	4. des	5.nóv
svampar teknir úr***	29.nóv	30.nóv	1.des	4.des	5.des	6.des	11.des	12.des	13.des	18.des	19.des.

\* Bæði Suður- og Vesturlandsstöðvar í boði

\*\* Einungis sæði af Suðurlandi í boði

\*\*\* Svampar eru teknir úr 55-60 klst. fyrir áætlaðan sæðingatíma. M.v. sæðingu kl. 17:00 er svampur tekinn úr milli kl. 5:00 og 10:00 tveimur dögum fyrr.

Árneshreppur er sér á báti með sína sæðingadaga fyrir ferskt sæði. Gjögurflug er mánudaga og fimmtudaga og munu Árneshreppingar geta nýtt sér þá daga í desember. Eins er opinn möguleiki að fá sæði aðra daga, ef ferð fellur. Gunnar Dalkvist í Bæ sér um að halda utan um þær pantanir og allt í kringum það.

**Pantanir berist á skrifstofu BHS 451-2602, netfang: [rhs@bondi.is](mailto:rhs@bondi.is). Panta þarf sæði fyrir kl. 14:00 næsta virka dag á undan sæðingadegi. Þannig þarf að panta á föstudegi, fyrir sæðingu á mánudegi.**

Allar pantanir á sæði fara í gegnum BHS. Bændur sem hafa farið á námskeið í sauðfjársæðingum, geta sætt sjálfir, en þeir sem ekki hafa sótt slíkt námskeið, verða sjálfir að semja við einhvern um að sæða hjá sér.

Þegar pantað er sæði fyrir ósamstilltar ær er mikilvægt að láta okkur hjá BHS vita í tíma ef ekki finnast blæsma ær, svo hægt sé að nota sæðið á öðrum bæjum. Sama gildir ef menn vilja fá sæði í fleiri ær en pantað er fyrir, þá þarf að láta okkur vita um morguninn og við munum reyna að ráðstafa því sæði sem kemur aukalega til þeirra.

Dýralæknar sjá um að selja svampa.

---

## Sæðinganámskeið

Ef áhugi reynist fyrir sæðinganámskeið, munum við reyna að halda slíkt í lok nóvember. Þeir sem hafa áhuga á því eru beðnir að hafa samband í síðasta lagi 12. des. Svo við sjáum hvort að þátttaka yrði næg.

---

## Tapast hefur sýningartjald

Við eigum tvö stór hvít sýningartjöld á fæti. Nú finnum við bara annað en höfum sennilega lánað hitt eða gleymt því einhvers staðar. Ef einhver veit eitthvað um þetta vinsamlega látið okkur vita sem allra fyrst.

---

---

## Skráning á lambadómum

Nú er innskráning lambadóma að verða langt komin. Þó eru í fórum okkar talsvert af dómablöðum síðan í haust sem vantar líffunga lambanna á. Við getum ekki slegið þessa dóma inn án þunga og því viljum við biðja þá sem vita að sín blöð voru þannig um að annað hvort slá þetta sjálfir inn í fjarvis.is eða koma til okkar afritum af dómablöðunum þar sem þunginn er kominn inn. Þannig getum við sem fyrst gengið frá öllum afkvæmarannsóknunum haustsins. Sama gildir um þá sem eru í netskilum og hafa enn ekki staðfest allar slátranir haustsins. Ganga þarf frá því sem fyrst svo við getum gert upp afkvæmarannsóknir.

---

## Námskeið í [www.jörð.is](http://www.jörð.is)

Vegna ónógrar þátttöku var námskeiðinu í jörð.is sem halda átti í lok okt sl. frestað og er hér gerð önnur tilraun.

Kennt verður á nýtt skýrsluhaldsforrit í jarðrækt, jörð.is, sem er að taka við af jarðræktarforritinu NPK. Farið verður yfir helstu þætti þess hvernig bændur geta nýtt sér vefforritið til að halda utan um jarðræktarsögu búsins, útbúa áburðaráætlanir og nýta við verðsamanburð á milli áburðarsala.

Tölvur verða til staðar á báðum stöðum, svo þátttakendur þurfa ekki að mæta með sínar eigin tölvur. Gott er hins vegar að mæta með túnkort ef menn eiga þau, heyfna- og eða jarðvegsefnagreiningar sem til eru og e.t.v. uppskerutölur síðasta sumars.

Kennari: Borgar Páll Bragason verkefnastjóri hjá BÍ.

**Tími: Fim. 25. nóv, kl. 10:00-17:00 í Samstöðusalnum, Þverbraut 1, Blönduósi.**

**Fös. 26. nóv, kl. 10:00-17:00 í Grunnskólanum Hólmavík**

Verð: 14.900 kr. (Námskeiðið er styrkhæft úr Starfsmenntasjóði bænda)

Skráning fer fram á endurmenntun@lbhi.is (fram komi nafn, kennitala, heimili, sími og nafn námskeiðs) eða í síma: 433 5033/ 433 5000. Staðfesta þarf skráningu með því að millifæra 2.900 kr (óafturkræft) á reikninginn 0354-26-4237, kt. 411204-3590. Hámarksfjöldi þátttakenda er 12.

---

## Þróunarsjóður BHS – styrkir til náms

Þegar búnaðarsamböndin sameinuðust í BHS voru settar 5,2 milljónir í sérstakan sjóð sem kallaður er Þróunarsjóður BHS. Á aðalfundi voru samþykktar reglur um úthlutun úr sjóðnum sem segja m.a. að úr sjóðnum megi veita framlög til nýsköpunar og þróunarverkefna í landbúnaði svo og styrkja nemendur í landbúnaðartengdu námi.

Stjórn sjóðsins er stjórn BHS á hverjum tíma og nú hefur stjórnin ákveðið að á árinu 2010 mun sjóðurinn styrkja nema af svæði BHS sem eru í landbúnaðartengdu námi veturinn 2010-2011.

Einungis nemendur sem eiga lögheimili á svæði BHS og eru í fullu námi geta fengið styrk og fjarnám er ekki styrkhæft. Upphæð styrkja verður ákveðin þegar umsóknir liggja fyrir en einungis er heimilt að veita árlega úr sjóðnum sem nemur vaxtatekjum hans.

Vinir og vandamenn námsmanna af okkar svæði sem eru í landbúnaðartengdu námi eru vinsamlega beðnir að koma þessum upplýsingum til þeirra sem hugsanlega hefðu áhuga á að sækja um styrk.

**Umsóknir berist til skrifstofu BHS Húnabraut 13 á Blönduósi eða á tölvupósti á [gr@bondi.is](mailto:gr@bondi.is)**

**Í umsókn þarf að koma fram stutt lýsing á því námi sem viðkomandi stundar.**

**Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2010**

---

---

## Hrossaskráningar - sláturfolöld

Mínum hrossaeigendur á að til að kjöt af sláturfolöldum sé nýtt til manneðis verða mæður þeirra að vera grunnskráðar í gagnagrunninn Worldfeng. Þeir sem ekki enn hafa gengið frá skráningum á sínum hrossum er bent á að hafa strax samband. Ennfremur eru þeir sem örmerkja hross minntir á að skila jafnóðum gögnum til BHS.

Nú geta hrossaeigendur sem aðgang hafa að Worldfeng framkvæmt eigendaskipti og skráð afdrif hrossa sinna sjálfir á netinu með því að fara inn í sína “Heimarétt” í Worldfeng. Einnig geta eigendur skráð folöld sín sjálfir að því tilskyldu að mæðurnar hafi verið skráðar hjá stóðhesti árið áður. Því er mjög mikilvægt að skila stóðhestaskýrslum fyrir alla stóðhesta sem hafðir voru í merum í sumar. *GR*

---

---

## Forðagæsluskýrslur

Nú eiga allir sem eiga búfé og búa á lögbýlum að vera búnir að fá senda forðagæsluskýrslu. Ef ekki þá vinsamlega látið okkur vita. Ef skýrslu er skilað á pappír þarf að koma henni til Búnaðarsambandsins fyrir 20. nóv. Núna er einnig hægt að skila skýrslu rafrænt á netinu. Er þá farið inn á síðuna [www.bustofn.is](http://www.bustofn.is) og smellt á hnappinn **island.is** Síðan er notaður sami auðkennislykill og hjá ríkisskattstjóra til að komast inn til skráningar. Skráð er bæði búfé og fóður og eru útreikningar sjálfvirkir og þægilegir eftir að viðeigandi valkostir hafa verið fylltir út.

Eins og er, er ekki hægt að skrá rafrænt uppskeru af korni en það mun verða hægt alveg á næstu dögum.

Til að skrá laust fóður þ.e. þurrhey eða vothey er sennilega best að setja 1 í reit fyrir „Fjölda“ og síðan heildarrúmetra í reit fyrir „Stærð“. Auðvelt er að hafa hverja gryfju eða hlöðu fyrir sig og skrá þá í athugasemdir nánari lýsingu. Sama á við um rúlluskráningar – hægt er að hafa hvert tún fyrir sig ef það hentar og skrá þá í athugasemdir um hvaða stykki er að ræða. Ekki þarf að klára alla skráningu í einu því eins og með skattaskýrsluna þá geymist skráningin á milli heimsókna alveg þar til skilað er. Eins er mjög aðvelt að lagfæra og eyða skráningum sem búið er að gera.

Athugið að þegar búfé er skráð er ekki víst að bendillinn sjáist í reitnum sem skrá á í – það er engu að síður hægt að skrá fjölda.

Skilum með rafrænum hætti þarf að vera lokið fyrir 10.des

Nánari leiðbeiningar má finna á heimasíðu Matvælastofnunar ([mast.is](http://mast.is)) og eins má hafa samband við BHS ef eitthvað er óljóst varðandi skráningar og skil.

---

---

## Gæðastýring - umsóknir

Umsóknarfrestur fyrir nýja þátttakendur í gæðastýringu er **20. nóvember** næstkomandi ef viðkomandi ætlar að fá álagsgreiðslur á næsta ári. Þeir sem ekki hafa farið á námskeið geta samt sótt um og hafið þátttöku á næsta ári og fengið álagsgreiðslur, fari þeir á námskeið sem haldið verður í júní á næsta ári. Eyðublöð má nálgast á [www.mast.is](http://www.mast.is).